

þann, er þér þurfið til þess að ljúka við nám yðar á tæðum skóla, hefir stjórnarráðið veitt yður á þessu fjárhagsári 250 rd. styrk í þessu skyni, og verður yður borgaður helmingurinn 125 rd., fyrir mánuðina apríl til september, í íslenzku stjórnardeildinni, og hinn helmingurinn mánaðarlega úr aðalféhirzlu ríkisins, 20 rd. 80 sk. við lok hvers mánaðar, fyrsta skipti við lok þessa mánaðar.

1867.
28. október.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um veð fyrir andvirði nokkurra seldra þjóðjarða. 31. október.

Nú er stjórnarráðinu hafa borízt með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 29. desembermán. f. á., eptirrit af skuldabréfum þeim, sem gjörð hafa verið áður fyrri fyrir eptirstöðvum af andvirði jarðanna Hvassahrauns, Miðhúsa og Laugarness, og laxveiðinnar í Elliðaánum, skal fyrst og fremst vekja athygli yðar á því, að skuldabréf það, sem Ditlev kaupmaður Thomsen hefir gefið 11. desembermán. 1853 fyrir andvirði tæðrar laxveiði, ber ekki með sér, að það hafi verið þinglesið, en aptur á móti er á því áritun, dagsett 6. marzmán. 1854, eptir hlutadeiganda sýslumann, um að þess hafi verið getið til bráðabirgða í veðsetningabók Gullbringu- og Kjósar-sýslu, og að staðfest eptirrit af skuldabréfinu muni verða lagt fram á næsta manntalsþingi í Seltjarnarnesshrepp, og að því er snertir spurningu þá, er reikningastjórnardeildin hefir hreift, um það, hvort veðin, er sett eru, veiti nægilega tryggingu, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að kaupendurnir hafa uppfyllt skilmála þá, er settir voru, þá er kaupin gjörðust, um að borga skyldi þriðjung andvirðisins, og ekkert er fram komið, er gefi tilefni til að ætla, að trygging sú, er veðin veittu upphaflega, og þá var álitin nægileg, hafi rýrnað síðan, finnst stjórnarráðinu ekki vera ástæða til að krefjast þess, að borgað sé meira uppi það, sem eptir stendur af andvirðinu.

1867.

31. október.

Að því er þessu næst snertir það atriðið, hvernig færðar verði sönnur á, eins og vera ber, að jörðum þessum sé haldið í góðu standi, álítur stjórnarráðið, eptir að það hefir skrifazt á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um það, að fullkomin trygging geti fengizt í þessu efni, ef að, eins og stungið er uppá í bræfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 15. júní-mán. f. á., lögð er fram fimta hvert ár lögmæt virðingargjörð á veðunum, og ef að hvers árs reikningi er látið fylgja vottorð frá hlutaðeiganda sýslumanni, um að ekki hafi orðið eiganda-skipti að veðunum umliðið ár, að minnsta kosti ekki með þinglesnu heimildarskjali, og að veðið hafi ekki honum vitanlega rýrnað að neinum mun umliðið ár, og ætti enn fremur að vera skýrt frá í vottorðinu, hvort borgaðir hafi verið skattar og önnur gjöld af veðunum. Eruð þér því beðnir, herra stiptamtmaður, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf samkvæmt þessu.

4. nóvember. 57. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-mannsins og biskupsins yfir Íslandi, um aðstoð-arféð, er veitt er í fjárhagslögunum til að launa ýms-um sýslunarmönnum við skólann.

Með bræfi dagsettu 18. ágústmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað uppá-stungu um gjöld handa prestaskólanum og latínuskólanum í Reykjavík fjárhagsárið 1868—69, og er stungið uppá í áætlun-inni um gjöld latínuskólans, að hækka sumpart ýmsar undir-deildir í upphæð þeirri, sem veitt er í 20. gr. VI B 4 „önnur útgjöld til skólanna“ í fjárhagslögunum, sumpart „aðstoðarfé“ það, sem veitt er í fjárhagslaganna 20. gr. VI B 2 b, og hafið þér enn fremur farið þess á leit, að beðið verði um, að veittir verði 400 rd. til þess að kaupa fyrir rúm og rúmfatnað, svo að lærisveinum þeim, sem búa í skólanum, verði fjölgað um 10.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar,